

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvísi (SVÁ) haldinn á Borg í Grímsnesi, mánudaginn 4. maí 2026, kl. 15:30

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Árni Eiríksson, Oddviti Flóahrepps

Hallur Símonarson, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu

Fundargerðina ritaði Hulda Kristjánsdóttir
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir setti fund og stjórnaði.
Hér var gengið til dagskrár:

1. Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvísi bs.

Nýr forstöðumaður boðinn velkominn til starfa. Rætt um fyrstu vikur í starfinu og helstu verkefni sem framundan eru innan byggðasamlagsins.

2. Drög að uppfærðum erindisbréfum stjórnar og fagnefndar

Stjórn ræddi um hlutverk og verkefni fagnefndar og stjórnar miðað við gildandi erindisbréf.

Stjórn felur forstöðumanni að vinna að uppfærðum starfsreglum í samræmi við umræður á fundinum.

3. Drög að breytingum á stofnsamningi

Fyrir fundi liggja drög að breytingum á stofnsamningi byggðasamlagsins. Afgreiða þarf breytingar á stofnsamningi á aukaaðalfundi sem skal fara fram eigi síðar en 10. júlí á kosningarári.

Stjórn felur forstöðumanni að vinna áfram að breytingum á stofnsamningi.

4. Starfslýsing forstöðumanns

Farið yfir uppfærða starfslýsingu forstöðumanns.

Stjórn samþykkir framlagða starfslýsingu forstöðumanns. Forstöðumanni falið að vinna að uppfærðum starfslýsingum fyrir deildarstjóra skóla- og velferðarþjónustu sem lagðar verða fram til samþykktar í stjórn.

**5. Prókúra fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings
bs.**

Gera þarf breytingu á prókúruhafa byggðasamlagsins vegna ráðningar forstöðumanns.

Stjórn samþykkir að gera breytingu á prókúruhafa byggðasamlagsins og veita nýjum forstöðumanni, Halli Símonarsyni, prókúru fyrir byggðasamlagið ásamt formanni, Huldu Kristjánsdóttur. Á sama tíma fellur prókúra fyrir Annýju Ingimarsdóttur niður. Forstöðumanni falið að skila gögnum til fyrirtækjaskrár.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00